



## **Greinargerð og umhverfisskýrsla vegna breytingar á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025**

### **Breytt lega Ásvallabrautar og tenging við Kaldárselsveg**

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

27.10.2017 br. 27.08.2018 og 10.10.2018

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	12. okt. 2018
Málnr.	
201712050	

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	3
1.1	Markmið .....	4
2	Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
2.1	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 .....	4
2.2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 .....	4
2.3	Aðrar skipulagstillögur.....	4
3	Forsendur.....	5
3.1	Minjar.....	5
3.2	Hljóðvist.....	5
3.3	Útvist.....	5
3.4	Samgöngur.....	5
4	Umhverfisskýrsla .....	6
4.1	Umhverfisþættir og viðmið.....	6
4.2	Valkostir .....	6
4.3	Aðferðir matsvinu og framsetning niðurstaðna .....	7
4.4	Niðurstaða.....	8
5	Umsagnir.....	9
6	Heimildaskrá:.....	10
7	Viðauki 1 .....	11

## **Mynda- og töfluskrá**

Mynd 1. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 mynd til vinstri staðfest aðalskipulag en til hægri tillaga að breytingu.- Mörk breytinga sýnd með rauðum hring, ný lega Ásvallabrautar.

.....	3
Tafla 1. Umhverfisþættir og umhverfisviðmið.	6
Tafla 2. Mat á vægi áhrifa á umhverfisþætti.	6
Tafla 3. Ásvallabraut - Mat á umhverfisþáttum.	8


Uppdráttur dags. 27.10.2017, br. 27.08.2018 og 10.10.2018 fylgir greinargerðinni og umhverfisskýrslunni.

## 1. Inngangur


Hér á lögð fram umhverfisskýrsla með breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Ásvallabraut liggur frá Aftantorgi að Kaldárselsvegi með hringtorgs tengingu. Breytingin felst í því að í stað tveggja tengibrauta sunnan núverandi byggðar verði ein braut þ.e. Ásvallabraut og lega hennar breytist þannig að hún tengist Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegi með hringtorgi neðan Hlíðarþúfna en tenging við Ásland III verði feldt út. Lega Kaldárselsvegar breytist lítillega sem og tenging hans við íbúðarsvæðið í Mosahlíð. Deiliskipulagstilla er lögð fram samhlíða breytingartillögum aðalskipulagsins.

Skoðaðir eru tveir kostur núllkostur þ.e. sem er skv. gildandi aðalskipulag, tvær tengibrautir og ein braut braut með breyttri legu. Nokkuð ber á milli kosta í þáttunum hljóðvist og útvist en gefa báðir jákvæð áhrif á samgöngur þó núllkostur hafi neikvæðari áhrif á gæði göngustíga. Hljóðvist og útvist eru þeir umhverfisþættir sem hafa mikil áhrif á lýðheilsu og þar af leiðandi á heilbrigði fólks og þá á samfélag.

FYRIR



EFTIR



Mynd 1. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 mynd til vinstri staðfest aðalskipulag en til hægri tillaga að breytingu.- Mörk breytinga sýnd með rauðum hring, ný lega Ásvallabrautar.

Mats- og skipulagslysing fyrir aðalskipulagsbreytinguna var kynnt frá 5.12.2017-27.12.2017. Skipulagsáætlunar sem eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Tengibrautir í þéttbýli eru matskyldar skv. B-flokk í 1. viðauka – tölvuliður 10.09 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Brautin verður lögð í gegnum framtíðar íbúðasvæði ÍB13 og ÍB11, meðfram verslunar- og þjónustusvæði Vþ10 og Samfélagsþjónustusvæði S35.

## **1.1 Markmið**

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að tengja Vallahverfi, Ásahverfi og áætlaða byggð beggja vegna Ásvallabrautar, á tveggja akreina vegi, Ásvallabrautar, að Kaldárselsvegi og síðan Reykjanesbraut. Þessi áætlun fellir úr gildi fyrri áætlun er hljóðar uppá fjórar akreinar, tvær í hvora átt og aðeins er tekið landrými fyrir tveggja akreina veg. Ekki er talin þörf á fjórum akreinum þar sem tenging við Ásland III er felld út og breytt tenging er við Kaldárselsveg og Elliðavatnsveg. Þessi breyting dregur úr áætluðum umferðarþunga, dreifir umferð og auðveldar umferðarflæði í gegn um svæðið.

## **2 Tengsl við aðrar áætlanir**

### **2.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040**

Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2015-2040 var staðfest 29. júní 2015 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. júní 2015 en deiliskipulag Ásvallabrautar er í samræmi við það.

Ný lega Ásvallabrautar yfir Ásfjall á Kaldárselsveg var einnig sýnd í eldra Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2024. Í samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er „Græni trefillinn“ markaður og grænir geirar er frá honum liggja.

### **2.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025**

Í gildandi aðalskipulagi er veglögnin sýnd ásamt tillögu að framtíðar veggöngum. Breytingin sýnir nýja legu sem er í meginatriðum í samræmi við gildandi aðalskipulag. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að fyrirhugað sé að leggja framhald Ásvallabrautar frá Skarðshlíð að Kaldárselsvegi. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið, og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að í nálægð við áætlaða legu Ásvallabrautar sé svæði sem nýtur hverfisverndar, merkt HVa 10. Einnig segir í aðalskipulaginu í kafla 1.3.4 Markmið - umhverfi segir; „Markvisst skal unnið að því að viðhalda gæðum náttúru og umhverfis og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi.“

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2024 kemur fram í kafla 2.2.25 Veitur, Rafmagn að um það svæði sem aðalskipulagsbreytingin nær til gangi Hamraneslinur 1 og 2, frá tengivirkini við Hamranes, til austurs áleiðs að Geithálsi. Í ferli er breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar þar sem línumnar eru færða fjær byggð á um 1,5 km kafla við Skarðshlíð og fara því ekki yfir byggðina og meðfram Ásvallabraud að Hamarsnestengivirkini heldur til suðurs út á Hamarnesið og í tengivirknið úr suðaustri. Línumnar verða rifnar á skipulagstímabilinu og verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020.

### **2.3 Aðrar skipulagstillögur**

Breytingin kallar á að lega Ofanbyggðarvegar verður endurskoðuð síðar enda ekki rými fyrir hann samhliða Ásvallabrautinni ofan við hesthúsahverfið, sé tekið mið af deiliskipulagi Ásvallabrautar og deiliskipulagi aðliggjandi svæða.

### **3 Forsendur**

Allt svæðið sem vegurinn liggur um er fyrirhugað byggingarland samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 að mestu óbyggt, aðeins við báða enda brautar er komið að byggingarsvæðum sem eru í framkvæmd.

#### **3.1 Minjar.**

Engar formleifar eru skráðar innan áhrifasvæðis deiliskipulags Ásvallabrautar. Rétt er þó að minna á 24. gr. áður ókunnar fornminjar í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Umhverfispátturinn verður ekki í umhverfismatinu.

#### **3.2 Hljóðvist.**

Mæling á hljóðvist er gerð var af VSÓ vegna nýrrar legu Ásvallabrautar og í minnisblaði dagsett 22.09.2016 segir „miðað við þessar forsendur og engar hljóðvarnir verða hús næst Ásvallabraud og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hljóðvist yfir 55dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.“

#### **3.3 Útvist.**

Svæðið fellur að hluta að hugmyndum um Græna trefilinn sem liggur á jaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu sjá Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

#### **3.4 Samgöngur.**

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar, kafla 1.3.3. Markmið - samgöngur, kemur fram að samfelldar og öruggar samgönguleiðir fyrir, akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur verði tryggðar og að samhliða byggingu nýrra hverfa verði gengið frá stígum, gangstéttum og umhverfi gatna.

## 4 Umhverfisskýrsla

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal meta hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrnefnd lög. Þar skal meta hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti.

### 4.1 Umhverfispættir og viðmið

Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspli þessara þátta.“ áhrif áætlana á tiltekna umhverfispætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér. Þeir þættir skipulagsins sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið eru misjafnlega umfangsmiklir en þeir þættir sem búast má við mestum áhrifum á við framfylgd skipulagsins eru settir fram í töflu 1. ásamt viðmiðum fyrir hvern umhverfispátt.

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið
Hljóðvist	Reglugerð nr. 724/2008, VIÐAUKI – Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða.
Útvist	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020.
Samgöngur	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020, kafli 1.3.3. Markmið samgöngur. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Landsskipulagsstefna, kafli 3.5 Sjálfbærar samgöngur.

Tafla 1. Umhverfispættir og umhverfisviðmið.

### 4.2 Valkostir

Viðfangsefni breytingartillögunnar er lýst í kafla 1. Metin eru líkleg áhrif af framkvæmd áætlunarinnar á þá umhverfispætti sem settir hafa verið fram.

Fjallað um eftirfarandi valkostir:

- Núllkostur** – Tvær tengibrautir skv. núverandi áætlun.
- Skipulagstillagan** – Breytt aðalskipulag.

Notast er við þriggja þepa mat á vægi þar sem hverjum umhverfispætti er gefin einkunn út frá þeim áhrifum sem hann verður fyrir í hverjum valkosti fyrir sig.

Vægi áhrifa á umhverfispætti		
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Tafla 2. Mat á vægi áhrifa á umhverfispætti.

#### 4.3 Aðferðir matsvinu og framsetning niðurstaðna

Í umhverfismatinu eru áhrif áætlaná á tiltekna umhverfispætti metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins. Umhverfisviðmið sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulaginu hefur í för með sér eru sýnd í töflu 1.

<b>Umhverfispáttur-Hljóðvist</b>		<b>Viðmið</b> Reglugerð nr. 724/2008, Viðauki – Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða.
<b>Núllkostur</b>	<b>Vægi</b> -	Ásvallabrunninn liggur nálægt íbúðarbyggð sérstaklega ÍB9 og ÍB11. Vegna hljóðvistar var hljóðmön áætluð meðfram Ásvallabrunninn auk hljóðveggja, ofan á möninni að hluta. Þrátt fyrir hljóðvarnir fór hljóð yfir þau viðmiði sem koma fram í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Hljóðvistarreikningar voru unnir af VSÓ fyrir Ásvallabrunninn 2014. Mönin með háum hljóðveggjum, allt að 3-4m ofan á, hafa neikvæð áhrif á útsýni og umhverfisgæði aðliggjandi íbúðabyggða.
<b>Skipulagstillagan</b>	<b>Vægi</b> 0	Skipulagstillagan breytir legu og tengingu Ásvallabrunnar og tengist hún Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegi með hringtorgi og tenging við Ásland III fellur út. Þessi tilfærsla ásamt fækknun akreina hefur jákvæð áhrif á hljóðvist vegna aukinnar fjarlægðar frá íbúðabyggð. Hljóðveggir verða meðfram Ásvallabrunninn að hluta og mun hljóð á dvalarsvæðum í görðum ekki fara yfir þau viðmið sem koma fram í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Hljóðvistarreikningar voru unnir af VSÓ fyrir Ásvallabrunninn og Kaldárselsvegi 2016. Hljóðveggirnir hafa ekki áhrif á útsýni frá íbúðabyggð vegna legu lands.
<b>Umhverfispáttur-Útvist</b>		<b>Viðmið</b> Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020.
<b>Núllkostur</b>	<b>Vægi</b> 0	Núllkostur hefur ekki áhrif á útvistarsvæði í upplandi Hafnarfjarðar né á Græna trefilinn. Tillagan hefur jákvæð áhrif á aðgengi að útvistarsvæðum þar sem veglögnin tengir Kaldárselsvegi að Helgafelli og Elliðavatnsvegi við íbúðarbyggðina á Völlunum og auðveldar þar með aðgengi að stórum útvistarsvæðum. Fjögurra akreina tengibraut hefur neikvæð áhrif á umhverfisgæði og rýrir útvistargildi þeirra stíga sem liggja við og í nágrenni við tengibrautina.
<b>Skipulagstillagan</b>	<b>Vægi</b> +	Breytingartillagan hefur ekki áhrif á útvistarsvæði í upplandi Hafnarfjarðar né á Græna trefilinn. Tillagan hefur jákvæð áhrif á aðgengi að útvistarsvæðum þar sem veglögnin tengir Kaldárselsvegi að Helgafelli og Elliðavatnsvegi við íbúðarbyggðina á Völlunum og auðveldar þar með aðgengi að stórum útvistarsvæðum.
<b>Umhverfispáttur-Samgöngur</b>		<b>Viðmið</b> Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020, kafli 1.3.3. Markmið samgöngur. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020. Landsskipulagsstefna, kafli 3.5 Sjálfbærar samgöngur.

Núllkostur	Vægi +	Núllkostur bætir samgöngur innan svæðisins fyrir akandi vegfarendur auk þess verður stígakerfi fyrir gangandi, hjólandi og riðandi bætt. Tenging verður við Elliðavatnsveg og Kaldárselsveg. Fjögurra akreina tengibraut hefur neikvæð áhrif á umhverfisgæði og rýrir útvistargildi þeirra stíga sem liggja við og í nágrenni við tengibrautina.
Skipulagstillagan	Vægi +	Breyting aðalskipulagsins bætir samgöngur innan svæðisins fyrir akandi vegfarendur auk þess verður stígakerfi fyrir gangandi, hjólandi og riðandi bætt. Undirgöng verða sett undir Ásvallabraut, neðan Kaldárselsvegar sem auðvelda flæði milli íbúðahverfanna og útvistasvæða ofan Hafnarfjarðar. Tenging verður við Elliðavatnsveg og Kaldárselsveg. Með fækkun akreina aukast umhverfisgæði á þeim stígum sem liggja við og í nágrenni við tengibrautina.

Tafla 3. Ásvallabraut - Mat á umhverfispáttum.

#### 4.4 Niðurstaða

Nokkuð ber á milli kosta í þáttunum hljóðvist og útvist en gefa báðir jákvæð áhrif á samgöngur þó núllkostur hafi neikvæð áhrif á gæði göngustíga.

Hljóðvist og útvist eru þeir umhverfispættir sem hafa mikil áhrif á lýðheilsu og þar af leiðandi á heilbrigði fólks og þá á samfélag.

**Hljóðvist:** Í umhverfismati gaf núllkostur neikvæð áhrif á hljóðvist en breytingartillagan óveruleg áhrif. Í umsögn fyrir núllkost í minnisblaði VSÓ dags 01.12.2014 Ásvallabraut, Hljóðvistarrekningar 14150 eru settar fram tillögur að mótvægisadgerðum til bættrar hljóðvistar. Þessar aðgerðir felast í því að byggja hljóðveggi ofan á mönina og liggur hún með fram Ásvallabraut endilangri. Veggirnir eru misháir allt frá 1.5 – 4 m að hæð og vísað er til þess að athuga þurfí með tilliti til sjónlengda, útsýnis og vindálags hversu háir veggirnir geti verði á hverjum stað fyrir sig og ef hæð þeirra takmarkast vegna þessara þátta verði að fara í byggingartæknilegar aðgerðir. Með tilliti til hljóðvistar hefur breytingartillagan minni áhrif samkvæmt, minnisblaði VSÓ dags 22.09.2016 Ásvallabraut og Kaldárselsvegur, Hljóðvistarrekningar 16328 og með mótvægisadgerðum, landmótun og uppbyggingu á hljóðvegg á hluta Ásvallabrautar við Brekkuás fer hljóðstyrkur niður fyrir viðmið reglugerðar nr. 724/2008 og hefur ekki áhrif á útsýni frá íbúðarbyggð vegna legu lands.

**Útvist:** Í umhverfismatinu hefur hvorugur valkosturinn áhrif á þau útvistarsvæði sem liggja að skipulagssvæðinu og í báðum tilvikum jákvæð áhrif á aðgengi að þessum svæðum. Megin munur á milli valkosta í þessum þætti er að núllkostur hefur neikvæð áhrif á umhverfisgæði og rýrir útvistargildi þeirra stíga sem liggja við og í nágrenni við tengibrautina vegna umfangs hennar og legu.

## 5 Umsagnir

Skipulags- og matslysing breytingartillögunnar var send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar.

Umsögn barst frá Skipulagsstofnun og hefur verið tekið tillit til hennar í greinargerð og umhverfisskýrslu.

Við kynningu á nýju deiliskipulagi Ásvallabrautar – tengingu Vallahverfis og Ásahverfis við Kaldárselsveg bárust athugasemdir. Í viðauka 1 er umfjöllun og svör umhverfis- og skipulagsþjónustunnar vegna þeirra.

## **6 Heimildaskrá:**

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2020.

Landskipulagsstefna 2015-2026.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020.

VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 01.12.2014 Ásvallabraut, Hljóðvistarreikningar 14150.

VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 22.09.2016 Ásvallabraut og Kaldárselsvegur, Hljóðvistarreikningar 16328.

## 7 Viðauki 1

25. apríl 2018

Málsnr. 1211376

### Umsögn um nýtt deiliskipulag Ásvallabrautar – tenging Vallahverfis og Ásahverfis við Kaldárselsveg og breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2018 breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 12.05.2016, 2013-2025 og að hún yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010. Einnig var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi aftur samhliða framangreindri aðalskipulagsbreytingu ásamt breytingum á skipulagsmörkum við Ásland 3 og Hlíðarþúfum skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga 123/2010. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 20. júní sl. var erindinu frestað og var tekið fyrir að nýju þann 22. ágúst sl. og það samþykkt.

**Hið nýja deiliskipulag** afmarkast frá Aftantorgi, sem er síðasta torgið á Ásvöllum, að Kaldárselsvegi. Ásvallabraud er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Brautin er 1+1 vegur með 50 km hámarkshraða.

Deiliskipulagið var sent til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Vegagerðarinnar
- Umhverfisstofnunnar
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Minjastofnunnar
- Garðabæjar

**Breyting aðalskipulagsins** felst í því að stað tveggja tengibrauta sunnan núverandi byggðar verði ein braut þ.e. Ásvallabraud og legu hennar breytt þannig að hún tengist Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegi með hringtorg neðan Hlíðarþúfna, en tenging við Ásland 3 um Brekkuás er felld út.

Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var send til umsagnar ásamt tillögunni sjálfrí til:

- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Umhverfisstofnunnar
- Minjastofnunnar
- Vegagerðarinnar
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Garðabæjar

Umsagnir þessara stofnana hafa borist. Athugasemdarfrestur var til 25. apríl og bárust athugasemdir vegna deiliskipulagsins en engin vegna breytingar á aðalskipulaginu. Nokkrar athugasemdir bárust utan athugasemdarfrests.

### Umsögn umhverfis- og skipulaqsþjónustu

Það þarf að horfa á þessa einstöku legu í stærra samhengi. Það er verið að bregðast við nýri íbúðabyggð á þessum stað. Skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir frekari byggð í Áslandi, áfangar 4 og 5 í suðurhlíðum Ásfjallsins og teygja sig á móti íbúðarbyggðinni á Völlunum. Ný íbúðarhverfi í Vatnshlíð munu liggja sunnan væntanlegs ofanbyggðavegs í suðurhalla sunnan Vatnshlíðarhnjúks. Eins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í Hamranesi.

Það verður með öðrum orðum byggt frá Áslandi 3 að Hvaleyrarvatni og frá Áslandi 3 að Völlum.

Sjá nánar aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Ásvallabraut er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla og Skarðshlíðar við Áslandshverfið og stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Brautin er 1+1 vegur með 50 km hámarkshraða. Slíkar tengingar má finna víða í bæjarlandinu og t.a.m. eru Reykjavíkurvegur, Hvammabraut og Hjallabraut tengibrautir.

Lega þessarar tengibrautar hefur verið sýnd á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 2005 – 2025 og í endurskoðuðu aðalskipulagi 2013-2025 var legan færð fjær íbúðabyggðinni. Ekki er um að ræða stofnbraut sem tekur við umferð frá Reykjanesbraut heldur eins og áður nefnir er þetta innanbæjartenging.

Komið hefur fram í athugasemdum að hagsmunir hestahúsaeigenda hafa verið teknir umfram hagsmuni íbúa í Áslandi en það má benda á það að hesthúsabyggð í Hlíðarenda ( 2 nyrstu húsin) þurfa að víkja þar sem húsin lenda undir fyrirhugaðri braut. Hesthúsahverfi við Hlíðarbúfur og við Sörla eru á gildandi aðalskipulagi og ekki hafa verið uppi áform um að breyta því.

Hvað varðar þá ábendingu að leggja 2 vegi hlið við hlið (ofanbyggðaveg og Ásvallabraut) skal á það bent að ofanbyggðavegur er stofnbraut og allt annars eðlis en hún mun tengjast gatnakerfi Garðabæjar og höfuðborgarsvæðisins alls auk þess sem honum er ætlað að taka við stórum hluta af þeim þungaflungaflutningum sem nú fer um Reykjanesbraut.

Vegurinn er sýndur í jarðögum á aðalskipulaglagi Hafnarfjarðar í gegnum framtíðarsvæði Áslands og Vatnshlíðar. Hann er ekki til umræðu í þessu skipulagi og óvist hvenær hann kemst á áætlun.

Fyrir liggur frumáætlun um kostnað sem unnin var af VSB verkfræðistofu þar skoðaðar voru 2 legur, annars vegar sú lega sem nú hefur verið í kynningu og hins vegar að leggja brautina sunnan megin Hlíðarbúfna og þar með fjær byggðinni.

Ef þessar tvær legur eru bornar saman kemur í ljós að landhalli sunnan við Hlíðarbúfur er mikill og kallað því gatnagerðin á allt að 12 m. djúpar skeringar til að koma veghallanum í mestu landhalla sem er 5.5% og má búast við umtalsvert meiri kostnaðarauka við þannig framkvæmd.

Tengibrautir eru hugsaðar til að tengja hverfi innan bæja og borga og koma fólk á sem skemmstum tíma á milli staða. Með því að færa brautina til verður hún bæði lengri og dýrari í framkvæmd og einnig þarf að hafa í huga alla þá íbúðauppbyggingu sem gert er ráð fyrir bæði vestan og sunnanmegin við Ásland 3.

Í þéttbýli eru ótal tengibrautir vitt og breitt um bæjarlandið og í mörgum tilfellum liggja þær miklu næri íbúðabyggð en hér er til umræðu.

Hljóðvistarmælingar voru unnar af VSÓ ráðgjöf og var unnið skv. eftirfarandi:

ÁDU er meðaltalsumferð á sólarhring og er hljóðvist alltaf reiknuð út frá henni skv. reglugerð. Leyfður aksturshraði á Ásvallabraut er 50 km/klst. Miðað var við að hlutfall þungra bíla væri 3% af heildarumferð.

Útreikningar sýna að miðað við þessar forsendur og engar hljóðvarnir, verða hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hljóðvist yfir 55 dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.

Þetta eru eftirfarandi hús:

- Brekkuás 1
- Dalsás 2 – 6
- Dalsás 8 - 12
- Furuás 21
- Furuás 23 - 27

Með uppsettingu 2,5-3,1 metra hárra hljóðvarna meðfram Ásvallabraut verður hljóðvist innan marka á öllum hæðum fyrrgreindra húsa. Þessar varnir eru sýndar á deiliskipulagsuppdrátti. Undirgöng sem tengja upplandið eru við hringtorgið við Hlíðarpúfur og er sýnt á deiliskipulagsuppdrátti Kaldárselsvegar.

Með kveðju,

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhellu 2 | 221 Hafnarfjöldur

Sími 585 5619 | GSM 664 5619

